

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10  
105 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2020

## **Efni: Umsögn um drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa**

Ég hef, f.h. Greiðslumiðlunar ehf., kynnt mér drög að skilmálum í starfsleyfum til fjárhagsupplýsingastofa, sem Persónuvernd birti og óskaði eftir umsögn um á vef stofnunarinnar þann 8. október sl.

Greiðslumiðlun ehf. er fjártækni fyrirtæki sem hefur meðal annars með höndum lánveitingar sem falla undir lög nr. 33/2013 um neytendalán. Í þeim hluta starfsemi sinnar nýtir félagið talsvert upplýsingar sem stafa frá fjárhagsupplýsingastofu, bæði við áhættustýringu og til að uppfylla þær skyldur sem eru lagðar á lánveitendur í lögum um neytendalán.

Ég fagna þeirri tilætlan Persónuverndar að endurnýja starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts hf. Þá er sérstaklega ánægjulegt að drögin séu sett í opið umsagnarferli og helstu hagsmunaaðilum með því gefinn kostur til að koma á framfæri athugasemdum. Að því sögðu er það mat mitt að í drögunum sé ekki nægjanlega tekið tillit til þess hversu mjög umhverfið á fjármálamarkaði hefur breyst á undanförunum árum. Þannig eru tiltölulega miklar skorður settar við vinnslu fjárhagsupplýsingastofa á upplýsingum, sem eru þó að mínu mati í mörgum tilvikum bersýnilega til þess fallnar að hafa verulegt gildi við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Þá liggur ekki fyrir að hvaða marki áhrif þessa hafa verið metin, með hliðsjón af bæði réttindum hins skráða og annarra sem hafa hag af miðlun upplýsinganna, svo sem neytendum almennt.

Í þessu tilliti er að mínu mati nauðsynlegt að líta til þess að samkvæmt 10. gr. laga um neytendalán ber lánveitanda að framkvæma mat á lánshæfi neytanda áður en gerður er samningur um lánveitingu. Umfang matsins er mismunandi eftir fjárhæð lánsins, en fari lánsfjárhæð umfram 2.000.000,- kr. þarf að framkvæma svokallað greiðslumat, meðan fyrir lægri fjárhæðir er umfangsminna lánshæfismat fullnægjandi. Nánar er fjallað um framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats í reglugerð nr. 920/2013, með síðari breytingum.

Sá ljóður er á lagaumhverfinu að þessu leyti að hvorki í lögnum né reglugerðinni er greinargóð lýsing á hvernig skal framkvæma matið. Sé eingöngu litið til lánshæfismatsins, sem er minna að umfangi, eru leiðbeiningar ekki nema þær að byggja skuli á viðskiptasögu milli lánveitanda og lántaka og/eða upplýsingum úr gagnagrunni um fjárhagsmálefni og lánstraust, en gera verður ráð fyrir að hér sé vísað til gagnagrunns sambærilegum þeim sem Creditinfo Lánstraust hf. heldur úti. Þá er sérstaklega tekið fram að sé engri viðskiptasögu til að dreifa megi, að fengnu samþykki lántaka, byggja eingöngu á upplýsingum úr gagnagrunni.

Þetta er sérstaklega bagalegt því þó fyrirmæli um framkvæmd matsins séu fátækleg er ekki það sama að segja um hvað skal gert með afurðina; einungis er heimilt að veita lán þeim sem

# Greiddslumíðlun

samkvæmt lánsþæfismati er líklegur til að geta staðið í skilum með greiðslur. Þá geta afleiðingar þess ef ekki er farið að ákvæðum laganna um að meta lánsþæfið miklar, en Neytendastofu er heimilt að leggja stjórnvaldssektir á þann sem gerist brotlegur, allt að 20.000.000,- kr.

Að ofangreindu virtu liggur fyrir nauðsyn þeirra sem lána fé til neytenda til að hafa aðgang að fullnægjandi gögnum frá fjárhagsupplýsingastofum. Þá er það ekki eingöngu hagur lánveitandans að geta nýtt fullnægjandi tól til áhættustýringar, og með því takmarkað útlánaáhættu, heldur hefur löggjafinn metið sem svo að það sé sérstakur réttur neytandans að lánveitandi leggi sjálfstætt mat á lánsþæfið fyrir töku ákvörðunar um lánveitingu.

Í mörgum tilvikum er eina raunhæfa leiðin til að uppfylla þessa lagaskyldu öflun upplýsinga frá fjárhagsupplýsingastofu. Oftar en ekki er engri viðskiptasögu til að dreifa á milli lántaka og lánveitanda. Jafnvel þó viðskiptasagan sé til staðar er hún varla nokkurn tímann nægjanlega umfangsmikil til að hún gefi ein og sér fullnægjandi vísbendingu um lánsþæfi einstaklingsins. Sé til þess litið er ljóst að aðgangur að upplýsingum frá fjárhagsupplýsingastofum eru í raun forsenda þess að lánveitingar skv. lögum um neytendalán geti átt sér stað. Í því ljósi er sömuleiðis þeim mun mikilvægara að upplýsingarnar sem er miðlað séu fullnægjandi til að gefa raunsanna mynd af aðstæðum hins skráða.

Tilgangurinn með þessum (alltof) langa inngangi er sá að vekja athygli á hversu mikil áhrif breytingar á aðgangi að upplýsingum hafa á starfsemi lánveitanda, sér í lagi þeim sem starfa skv. lögum um neytendalán. Hér á eftir, og að því virtu, fjalla ég nánar um sértækar athugasemdir mínar við einstök ákvæði starfsleyfisdraganna.

## 2.1 Almennt um heimila vinnslu

Í 1. mgr. gr. 2.1 í drögum að skilmálum sem voru birt til umsagnar kemur fram það skilyrði fyrir vinnslu vanskiluppplýsinga að löginheimta sé hafin gegn hinum skráða, eða hann hafi viðurkennt skriflega að krafan sé fallin í gjalddaga. Að mínu mati eru þessi ströngu skilyrði bersýnilega til þess fallin að draga úr áreiðanleika þeirra upplýsinga sem fjárhagsupplýsingastofa miðlar til áskrifenda. Lánveitendur líta á löginheimtu sem örþrifaråd, enda er hún einstaklega kostnaðarsöm, bæði fyrir kröfuhafa og skuldara. Af þeim sökum væri eðlilegast að heimila, að öðrum skilyrðum uppfylltum, vinnslu upplýsinga um vanskil á fyrri stigum, enda eru þær upplýsingar bersýnilega til þess fallnar að veita sterka vísbendingu um lánstraust einstaklinga. Þá tel ég ekki að þessi breyting komi niður á áreiðanleika upplýsinganna, þar sem innheimtustarfsemi á fyrri stigum er leyfissskyld og háð eftirliti skv. innheimtulögum nr. 95/2008.

Í þessu samhengi vil ég benda á að með auknu aðgengi að lánsfé hefur færst í aukana að fólk safni miklum skuldum á skömmum tíma. Starfshópur um starfsumhverfi smálánafyrirtækja á Íslandi, sem ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipaði árið 2018, tók sérstaklega upp í tillögur sínar að afleiðingar þessa væru aukin vanskil neytenda, sem einmitt er reynt að koma í veg fyrir með tilvitnuðum ákvæðum laga um neytendalán. Ég sé þar af leiðandi ekki betur en hagsmunir allra hlutaðeigandi yrðu bættir með ríkari heimildum til miðlunar upplýsinga um vanskil, á fyrri stigum.

Í 5. mgr. sömu greinar segir að áskrifendur skuli ávallt geta lagt fram afrit frumgagna, svo sem skuldaviðurkenninga og stefna, ef þörf krefur. Áhrifa örrar tækniþróunar síðustu ára hefur gætt víða, m.a. í viðskiptum neytenda. Þannig er, svo dæmi sé tekið, skjalagerð iðulega rafræn, sem og undirskriftir. Því er oftast en ekki engum frumskjölum, í hefðbundinni merkingu þess orðs,

fyrir að fara. Að mínu mæti væri eðlilegra, og fullnægjandi, að áskrifandi geti sýnt fram á tilurð kröfunnar hverju sinni, gerist þess þörf.

## 2.2 Nánar um söfnun upplýsinga

Í undirliðum greinarinnar er tiltekið hvaða upplýsingum fjárhagsupplýsingastofa má safna. Greinarmunur er gerður á því hvaðan upplýsingarnar eru fengnar, en heimildin nær annars vegar til upplýsingaöflunar úr opinberum gögnum og hins vegar frá áskrifendum. Eins og drögin eru sett upp má skilja að tilteknum upplýsingum verði eingöngu aflað úr opinberum gögnum, og öfugt. Það þykir mér hins vegar skjóta skökku við, sérstaklega því það er vandséð að Persónuvernd geti með starfsleyfinu skyldað hið opinbera til að afhenda upplýsingarnar. Fjárhagsupplýsingastofan, og þeir sem afla upplýsinga frá henni, er þannig háð því að upplýsingarnar séu afhentar. Sé það ekki gert, hverjar sem ástæðurnar kunna að vera, geta þær þá ekki komið til álita við gerð lánsþáttar eða verið miðlað að öðru leyti.

Ég á erfitt með að sjá að hagsmunir hins skráða séu frekar tryggðir með þessu fyrirkomulagi. Í ljósi þess að hér er fyrst og fremst um að ræða upplýsingar um opinberar réttargjörðir hlýtur að koma á sama stað niður hvaðan þeirra er aflað, hvort það er beint frá hinu opinbera eða áskrifendum, sér í lagi þeim áskrifendum sem lúta opinberu eftirliti í störfum sínum.

### 2.2.1 Upplýsingar úr opinberum gögnum

Samkvæmt 1. og 2. tl. greinarinnar er fjárhagsupplýsingastofu einungis heimilt að skrá upplýsingar um dóma, áritaðar stefnur og fjárnám í eign ef höfuðstólsfjárhæð skuldarinnar nemur a.m.k. 60.000,- kr.

Í umfjöllun um þetta ákvæði í bréfi til Creditinfo Lánstrausts hf., sem var birt samhliða drögum þessum, segist stofnunin hafa annars vegar haft hliðsjón af ákvæðum reglugerðar nr. 246/2001 um söfnun og miðlun upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust og hins vegar framkvæmd og löggjöf annars staðar á Norðurlöndunum.

Hvað reglugerð nr. 246/2001 snertir er hvergi kveðið á um fjárhæðarmörk í reglugerðinni. Einu leiðbeiningarnar sem þar eru gefnar eru það skilyrði að til að heimilt sé að vinna með upplýsingar skuli þær „eðli sínu samkvæmt hafa afgerandi þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða.“ Ég tek undir að fjárhæð geti verið einn þeirra þátta sem líta þarf til við mat á hvort upplýsingar séu þess eðlis. Hins vegar er ekki þar með sagt að einungis þau vanskil sem náð hafa tiltekinni fjárhæð uppfylli þetta skilyrði.

Ég hefði sömuleiðis talið nauðsynlegt að líta til þess að síðan reglugerðin var sett og Creditinfo Lánstraust hf. fékk fyrst starfsleyfi hafa orðið verulegar breytingar á umhverfi á fjármálamarkaði. Til dæmis vil ég benda á fjölbreyttari lánveitingar til neytenda, og setningar laga um neytendalán nr. 33/2013, tilgangur hverra er að meginstefnu að treysta réttindi neytenda.

Ég hef þegar fjallað um ákvæði laga um neytendalán, sem kveða á um skyldu til að meta lánsþáttar neytanda sem óskar lánafyrirgreiðslu, og hvernig lög og reglugerðir eru tiltölulega hljóð um hvernig matið skal fara fram. Helstu leiðbeiningarnar eru í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi er varð að lögum nr. 33/2013. Þar segir um 10. gr., sem fjallar um skylduna til að meta lánsþáttar, að „[l]ánsþáttar [sé] víðtækara hugtak en greiðslumat og [geti] tekið til huglægra þátta auk hinna hlutlægu, svo sem skilvísí og greiðslusögu. Þetta mætti orða

# Greiddslumíðlun

sem svo, að með lánsþæfismati sé leitast við að staðreyna greiðsluviljann en greiðslugetu með greiðslumati.“

Persónuvernd leit til þessara athugasemda í úrskurði í máli nr. 2020010592, dagsettum 11. september 2020. Þar var meðal annars til úrlausnar hvort Creditinfo Lánstrausti hf. hafi verið heimilt að notast við upplýsingar úr skattskrá við útreikning á lánsþæfismati kvartanda. Niðurstaða stofnunarinnar var að svo hefði ekki verið, þar sem þær upplýsingar hefðu í eðli sínu frekar þýðingu við mat á greiðslugetu einstaklingsins en greiðsluvilja hans.

Án þess að ég taki sérstaklega afstöðu til þess hvort ofangreind niðurstaða Persónuverndar sé rétt að lögum – að mínu mati er nokkuð ljóst að hugtökin *greiðsluvilji* annars vegar og *greiðslugeta* hins vegar eru sett fram í framhjálaupi, að því virtu að í orðskýringum í frumvarpinu sjálfu segir að með lánsþæfismati sé ætlunin að meta hvort lántaki *geti efnt* lánsþamninginn – getur ekki eingöngu verið vísað til huglægrar afstöðu í þessu tilliti.

Ég fæ ekki betur séð en munurinn á lánsþæfismati annars vegar og hinu umfangsmeira greiðslumati hins vegar liggja fyrst og fremst í að með greiðslumati skal lagt rökstutt, sjálfstætt mat á getu lántakans til að standa undir afborgunum af láni út frá staðfestum upplýsingum um tekjur hans, skuldir og eignir. Þess þarf ekki með lánsþæfismati, heldur er fullnægjandi að matið byggji á öðrum upplýsingum, séu þær til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess að lántaki muni efna lánsþamninginn.

Í því tilliti hlýtur fyrri greiðsluhegðun lántaka að vega ansi þungt; raunar þykir mér hægt að færa fyrir því ágætis rök að upplýsingar um fyrri vanskil séu langsamlega besta vísbendingin um greiðsluhegðun í framtíð. Ég sé á sama tíma ekki nein rök fyrir því að höfuðstólsfjárhæð hinnar vangreiddu skuldar hafi áhrif á áreiðanleika upplýsinganna eða skerði forspárgildi þeirra að öðru leyti. Þvert á móti mætti halda því fram að vanskil lágra krafna hafi afgerandi þýðingu við mat á lánstrausti fólks, ef ekki greiðslugetu þá án nokkurs vafa greiðsluvilja.

Að því virtu myndi ég leggja það til að ákvæði um fjárhæðarmörk verði felld á brott úr starfsleyfinu, hvaðan sem upplýsinganna er aflað. Ég fæ ekki séð að með því séu réttindi einstaklingsins skert að nokkru leyti, en eftir sem áður munu kröfuhafar, umboðsmenn þeirra og Creditinfo Lánstraust hf. bera ábyrgð á réttmæti upplýsinga, eftir því sem við á. Afleiðingin yrði hins vegar að umhverfið á lánamarkaði til neytenda færðist nær því sem stefnt var að með setningu laga um neytendalán, öllum til hagsbóta, ekki síst neytendunum sjálfum.

## 2.2.2 Upplýsingar frá áskrifendum

Í grein 2.2.2 er fjallað um hvaða upplýsingum megi safna frá áskrifendum. Eftir því sem við á eiga athugasemdir mínar við grein 2.2.1 sömuleiðis við hana, en þar að auki vil ég vekja athygli á eftirtöldu.

Í fyrstu málsgrein er það skilyrði sett að fjárhagsupplýsingastofa hafi fengið óbyggjandi skriflegar upplýsingar er staðfesti tilvist skuldar. Engar leiðbeiningar eru um hvað telst fullnægjandi í þessum efnunum, en almennt verður að gera ráð fyrir að orð áskrifandans skuli duga, enda ber hann ábyrgð á vinnslu upplýsinganna. Hins vegar er ekki nema eðlilegt að fjárhagsupplýsingastofan geti óskað fyllri upplýsinga.

Í 7. tl. er fjallað um sérstaka heimild til að skrá vanskil samkvæmt láns- eða skuldaskjali. Ég fagna því að slíka heimild sé að finna í leyfinu. Hins vegar á ég erfitt með að sjá hvers

hagsmunum það þjónar að áskrifandi skuli kaupa sér þjónustu lögmanns til að tilkynna vanskilin, með tilheyrandi kostnaði, sem að endingu lendir líklegast á lántakanum.

### 3. Gerð skýrslna um láns hæfi einstaklinga

Í 3. gr. er fjallað um heimild fjárhagsupplýsingastofu til að vinna og miðla skýrslum um láns hæfi einstaklinga. Eins og hefur verið rækilega rakið í umsögninni fram til þessa er aðgangur að slíkri skýrslu lyklatríði í allri lánastarfsemi. Hins vegar eru nokkur atriði sem mér þykir vert að gera athugasemdir við.

Í 1. mgr. segir að fjárhagsupplýsingastofu sé heimilt að miðla þessum skýrslum til lánveitanda, liggi fyrir beiðni hins skráða um að skýrslunnar sé aflað vegna óskar um fyrirgreiðslu. Creditinfo Lánstraust hf. og Persónuvernd virðast, miðað við bréf stofnunarinnar sem var birt samhliða starfsleyfisdrögunum, hafa rætt sín á milli um á hvaða heimild þessi upplýsingaöflun byggist og hvort rétt sé að tala um „beiðni“ hins skráða í þeim efnum.

Hvað heimildina varðar velti ég fyrir mér hvort, þegar tilgangurinn er að afla nauðsynlegra upplýsinga fyrir láns hæfis- eða greiddslumat skv. ákvæðum laga sem það áskilja og reglugerð nr. 920/2013, upplýsingaöflunin geti byggt á 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, um að vinnsla sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður. Í þessum tilvikum er málum enda svo háttað að upplýsingaöflunin er nauðsynlegur þáttur í framkvæmd láns hæfismat, sem aftur er lögbundinn liður í afgreiðslu láns umsóknar. Því er ljóst að til að það geti komist á samningur milli aðila, eins og vilji hins skráða stendur iðulega til, þarf að afla upplýsinganna. Ég tel í það minnsta ekki augljóst að eingöngu verði byggt á 3. tl. 1. mgr. 9. gr. lagannaok, um lagaskyldu. Í því samhengi bendi ég einnig á að í reglugerð nr. 920/2013 um láns hæfis- og greiddslumat, með síðari breytingum, segir beinlínis að gagnaöflunin skuli byggjast á samþykki eða að hún sé nauðsynleg til að efna samning eða gera ráðstafanir áður en hann er gerður, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Ég tel þá ekki fyllilega nákvæmt, með vísan til ofangreinds og bréfs Persónuverndar til Creditinfo, að tala um beiðni hins skráða um öflun skýrslunnar. Í ljósi þeirrar afstöðu Persónuverndar, sem ég tek undir, að þessi vinnsla byggji ekki á samþykki hins skráða, er misvísandi að tala um beiðni hins skráða, en með því er gefið til kynna að hann hafi vald til að taka ákvörðun um hvort hennar verði aflað. Svo er hins vegar ekki, heldur er það lánveitandans að meta hvort nauðsynlegt er að afla þessara upplýsinga, á grundvelli heimildar í lögum nr. 90/2018. Því tel ég eðlilegra að upplýsa um að kallað verði eftir skýrslunni, gerist þess þörf, sem er að öllum líkindum í langsamlega flestum tilvikum.

Fjallað er um fræðsluskyldu bæði í 1. mgr. greinarinnar og svo nánar í 4. mgr. Þar fæ ég ekki betur séð en ábyrgðinni hafi verið velt frá ábyrgðaraðila upplýsinganna, fjárhagsupplýsingastofunni, yfir til þess sem aflar upplýsinganna. Þetta þykir mér mikil afturför. Fyrir það fyrsta er fjárhagsupplýsingastofan sjálf langtum betur í stakk búin til að veita gagnorða og greinargóða fræðslu um eigin vinnslu á persónuupplýsingum. Persónuvernd virðist raunar taka undir það og gerir því að skilyrði að stöðluð fræðsla frá fjárhagsupplýsingastofunni skuli liggja frammi hjá þeim sem veita fjárhagslega fyrirgreiðslu. Ég á erfitt með að sjá hvernig það myndi virka í framkvæmd, en meginþorri lánveitinga til neytenda fer fram í gegnum netið. Þá er líklegt að staðlaða fræðslan yrði svo mikil að vexti og torskilin að raunverulegur möguleiki fólks til að kynna sér vinnslu persónuupplýsinganna takmarkaðist.

# Greiddslumíðlun

Í ljósi þessa þykir mér eðlilegra að lánveitendur sjái um að fræða um eigin vinnslu persónuupplýsinga, meðal annars hvers er aflað og hvaðan, og þá með upplýsingum, jafnvel hlekk, um hvar megi fá fyllri upplýsingar um gerð skýrslunnar.

## 4. Miðlun persónuupplýsinga

Ég vek athygli á misræmi í 1. mgr., þar sem fjárhagsupplýsingastofa má ekki miðla upplýsingum um grundvöll kröfu, grundvöll skráningar og kröfuhafa í þeim tilvikum sem upplýsinganna er aflað frá áskrifendum. Eins og áður hefur komið fram er ekki að sjá að öryggi þessara upplýsinga sé minna, þar sem sá sem sendir þær til fjárhagsupplýsingastofunnar ber ábyrgð á réttmæti þeirra. Þá eru þær bersýnilega til þess fallnar að hafa áhrif við töku útlánaákvæðana, en skuld við annan aðila í sömu starfsemi veitir til að mynda betra forspárgildi en vanskil við hið opinbera vegna stöðugjalda.

Í 5. mgr. er fjallað um svokallaða kennitöluvöktun, þar sem breytingum á lánstrausti einstaklings er miðlað til áskrifenda sem þess óska. Ég staldra við niðurlag málsgreinarinnar, um fræðsluskyldu, en athugasemdir mínar um 3. gr. leyfisdraganna eiga eftir því sem við á jafnt við um þessa grein.

Þá vil ég sömuleiðis gera athugasemd við að í lok 6. mgr. er gerður sá fyrirvari við miðlun upplýsinga um það þegar hagur einstaklingsins batnar, að slíkt sé einungis heimilt þegar áskrifandi hefur lögmeata hagsmuni til að fá vitneskjuna. Ég hefði haldið að í öllum tilvikum sem lögmeatir hagsmunir til vöktunarinnar eru til staðar á annað borð standi þeir til þess að fá upplýsingar um allar breytingar, bæði til hins betra og verra. Því legg ég til að lokaliðurinn verði felldur úr starfsleyfinu.

## 6. Samningsgerð við áskrifendur

Í 6. gr. starfsleyfisdraganna eru listuð upp atriði sem skulu koma fram í samningum fjárhagsupplýsingastofu við áskrifendur. Ég sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að í starfsleyfi sé tiltekið að skerpt skuli á tilteknum atriðum í samningi, enda sé um að ræða áréttingu á skyldum hvors aðila til að tryggja sé að uppfyllt séu skilyrði laga, þá helst nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Að því sögðu er varla hægt að leggja auknar skyldur á aðila með slíkum stöðluðum ákvæðum, heldur þyrftu þær alltaf að eiga sér stoð í lögum eða eftir atvikum reglugerð.

Í 1. tl. segir að áskrifandi skuli í hvert skipti sem hann flettir einstaklingi upp eða hefur vöktun á kennitölu hans tilgreina og skrá til hvers það er gert. Iðulega er það svo að uppfletting eða vöktun er nátengd tilteknum þáttum í starfsemi þess sem hana framkvæmir, svo sem lánveitingu. Því hefði ég talið fullnægjandi að áskrifandi geti hverju sinni upplýst fjárhagsupplýsingastofu um ástæðu uppflettingar eða vöktunar.

Í 10. tl. er fjallað um lögskylda fræðslu. Þar vil ég aftur vísa til fyrri athugasemda minna.

Í 11. tl. segir að synji áskrifandi um lánveitingu, vegna upplýsinga sem komi úr skráum fjárhagsupplýsingastofu, skuli umsækjandanum greint frá því. Að mínu mati er þetta ákvæði ekki alls kostar skýrt. Umsækjanda um lán er alltaf tilkynnt um afdrif umsóknarinnar, hvort á hana er fallist eða ekki. Þá er hann sömuleiðis upplýstur um að tiltekinna upplýsinga verði aflað, meðal annars frá fjárhagsupplýsingastofu. Hins vegar er ómögulegt að greina sérstaklega í hvert og eitt skipti hver niðurstaðan hefði orðið ef lánshæfismatið hefði litið öðru vísi út. Því er hartnær ómögulegt að ætla að upplýsa um að lánsúmsókn hafi ekki verið samþykkt, vegna

# Greiðslumiðlun

upplýsinga frá fjárhagsupplýsingastofu, þar sem þær eru bara einn þáttur af mörgum við lánsákvörðun.

Í síðustu málsgrein ákvæðisins er fjallað um hvernig skal brugðist við, brjóti áskrifandi gegn skilmálum í áskriftarsamningi. Í samræmi við umfjöllun hér að ofan hlýtur þar að vera átt við brot á samningsskilmálum sem jafnframt fela í sér brot á ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Samkvæmt ákvæðinu skal fjárhagsupplýsingastofa ekki eingöngu tilkynna brotið til Persónuverndar, heldur einnig grípa til viðhlítandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að það endurtaki sig. Viðhlítandi ráðstafanir eru að rifta samningi við áskrifanda sé skrá notuð í óheimilum tilgangi tvisvar á tólf mánuðum. Hálfu ári síðar má semja aftur við áskrifandann, en verði honum aftur á í messunni innan hálfis árs skal samningnum sagt upp á ný. Þá er áskrifandanum ekki heimilt að fá nýjan samning fyrr en að ári liðnu.


Þessi hörðu viðurlög, án þess að nokkuð mat fari fram á eðli brotsins, eru langt úr hófi. Misbrestur við nýtingu skrár fjárhagsupplýsingastofa getur verið margs konar, t.a.m. tæknilegs eðlis eða orsakast af mannlegum mistökum, eins og innsláttarvillum. Afleiðingarnar af því að missa aðgang að skrár fjárhagsupplýsingastofu – sem vel að merkja er ein starfrækt hér á landi sem stendur – eru gífurlegar. Ekki er ofsögum sagt að með því væri fótunum kippt undan starfsemi lánveitanda, sem gæti ekki uppfyllt skyldur sínar skv. lögum til að meta láns hæfi lántaka, og þar af leiðandi ekki veitt lán.

Aukinheldur get ég ekki betur séð en Persónuvernd sé með þessu ákvæði farin langt út fyrir heimildir sínar. Verði kveðið á um þessar aðgerðir í starfsleyfi er ljóst að fjárhagsupplýsingastofu er ekki stætt á öðru en að hlíta því, ellegar eiga á hættu að vera svipt leyfinu. Uppsögn samningsins væri þar af leiðandi bein afleiðing af skilmálum leyfisins. Sú einkar íþyngjandi ákvörðun er því í raun og veru, þegar upp er staðið, tekin af stofnuninni og verður að byggja á viðhlítandi lagaheimild. Henni er ekki fyrir að fara, en 15. gr. laga nr. 90/2018 er ekki fullnægjandi í þessu tilliti. Þá verður að sama skapi að gæta að meginreglum stjórnisýsluréttarins. Ég fæ ekki betur séð en það gildi nánast einu hvar sé gripið niður, þessi hörðu viðbrögð séu í skýrri andstöðu við þær. Ég nefni sem dæmi meðalhófs- og rannsóknarregluna.

Að ofangreindu virtu vil ég ítreka að ég fagna þeirri tilætlan Persónuverndar að endurnýja starfsleyfi fjárhagsupplýsingastofa. Þá er sömuleiðis til eftirbreytni að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að gera athugasemdir við drög að skilmálum í starfsleyfinu. Ég er boðinn og búinn að veita frekari skýringar á þeim athugasemdum sem ég hef gert í umsögn þessari, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

f.h. Greiðslumiðlunar ehf.

  
Þorsteinn Júlíus Arnason, lögmaður